

FJÖLSMIÐJAN

Á SUÐURNESJUM



ÁRSSKÝRSLA 2019

VIRKNI – VIRÐING - VON

Inngangur

Stofnað var til Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum ses á stofnfundi í Reykjanesbæ 7. september 2010. Stofnaðilar voru Rauði kross Íslands, Reykjanesbær, Vinnumálastofnun, Suðurnesjadeild Rauða krossins, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélag Suðurnesja og Félag iðn- og tæknigreina. Í þessari skýrslu er gert grein fyrir rekstri sjálfseignastofnunarinnar á árinu 2019.

Markmið og tilgangur

Markmið Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru skilgreind í skipulagsskrá hennar en þar kemur eftirfarandi fram:

Markmið Fjölsmiðjunnar er að:

- *Hjálpa ungu fólki á aldrinum 16-24 ára að finna sitt áhugasvið, öðlast starfsreynslu og þar með auka möguleika þess í atvinnulífinu eða í námi.*
- *Gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun. Fagleg verkþjálfun skal vera ríkur þáttur í starfseminni og tengjast hinni hagnýtu vinnu og auka félagshæfni og vinnufærni ungs fólks.*
- *Efla sjálfstraust hjá ungu fólki til að það sé betur í stakk búið að takast á við margbreytileg verkefni lífsins.*
- *Auka lífsgæði ungs fólks.*
- *Þátttaka í Fjölsmiðjunni verði hvatning að frekara námi.*
- *Þátttakendur læri reglur vinnumarkaðarins, hvaða réttindi þeim ber og hvaða skyldur þeir bera.*

Stjórn, framkvæmdaráð og starfsmenn

Í stjórn Fjölsmiðjunnar frá ársfundi 2019 voru

- Guðrún Björg Sigurðardóttir, formaður
- Hera Ósk Einarsdóttir, meðstjórnandi
- Hildur Jakobína Gísladóttir, meðstjórnandi
- Kristján Ásmundsson, meðstjórnandi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, meðstjórnandi
- Eyrún Antonsdóttir, meðstjórnandi
- María Gunnarsdóttir, varamaður
- Una Kristófersdóttir, varamaður
- Guðlaug M. Pálsdóttir, varamaður
- Unnur Sverrisdóttir, varamaður
- Ólafur S. Magnússon, varamaður
- Fanney Grétarsdóttir, varamaður

Stjórn skipar framkvæmdaráð sem starfar með forstöðumanni og fundar á milli funda stjórnar. Guðrún Björg Sigurðardóttir, Hera Ósk Einarsdóttir og Hildur Jakobína Gísladóttir skipuðu framkvæmdaráð Fjölsmiðjunnar.

Í lok árs 2019 voru starfsmenn Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eftirtaldir:

- Þorvarður Guðmundsson, forstöðumaður í 100% starfi
- Sigurður G. Tómasson, verkstjóri í 100% starfi
- Carter Don Medico, verkstjóri í 100% starfi
- Albert Gibowicz, leiðbeinandi í 100% starfi skv. samningi við VMST
- Sigríður Mist Hjartardóttir, leiðbeinandi í 100% starfi skv. samningi við VMST

Regluleg starfsemi

Eins og á fyrri árum þá er stærsti einstaki verkþjálfunarpáttur Fjölsmiðjunnar rekstur Kompannar nytjamarkaðar. Sá rekstur gekk vel á árinu og tók Kompan nokkrum breytingum auk þess sem byrjað var á að undirbúa gagngerar breytingar á útliti verslunarinnar sem og á inngangi hennar. Öll þessi störf eru unnin af nemum Fjölsmiðjunnar undir stjórn verkstjóranna á sama tíma og hefðbundinn rekstur helst óbreyttur.

Rekstur sendibílsins gekk sinn vanagang og mikilvægi hans er mjög mikið. Til þess að flýta fyrir sendingum og flutningum á mannskap þegar farið er í mannmörg verkefni eins og búslóðaflutninga höfðum við afnot af litlum sendibíl og hefur það liðkað mjög fyrir allri starfsemi. Á síðasta ári voru farnar yfir 1.400 sendingar á sendibílnum.


Önnur verkefni sem eru minni í sniðum eru yfirferð og verðlagning allra muna sem berast í Fjölsmiðjuna. Öll raftæki eru yfirfarin og prófuð áður en þau fara í sölu. Endurgerð gamalla húsgagna og lagfæringar á biluðum hefur eflst og sinnir sjálfbóðaliði sem er húsgagnasmiður þeirri vinnu ásamt nemum. Þá hafa nemarnir afeinangrað víra, sinnt eldhússtörfum, almennum þrifum, reiðhjólaviðgerðum og sitthvað fleira.

Í desember festi Fjölsmiðjan kaup á lager Hjólabúðarinnar í Reykjanesbæ í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í verkefnum og til að auka sjálfsaflatekjurnar. Ljóst var að til þess að hýsa þessa starfsemi þurfti að breyta skipulagi innan húss og var strax farið í skipulagningu og hugmyndavinnu þar að lútandi. Leitað var styrkja hjá aðilum á svæðinu og náðist að safna fyrir um helmingi upphæðarinnar.




Nemar

Á árinu 2019 voru 25 nemar við störf í Fjölsmiðjunni. Kynjaskiptingin var 3 stelpur og 22 strákar.




Afdrif nema voru með eftirfarandi hætti:



Eins og sjá má á þessu grafi þá útskrifuðust færri til vinnu en undanfarin ár og ræður þar mestu ástand á vinnumarkaði á Suðurnesjum. Einn nemi útskrifaðist með stúdentspróf úr FS og var hún í Fjölsmiðjunni nánast allan tímann sem hún var í námi. Það er alltaf svo að úrræði í Fjölsmiðjunni hentar ekki einhverjum. Margt getur komið þar til en reynslan hefur sýnt að sum þessara nema koma aftur síðar þegar þau eru betur stödd í lífinu. Þeir sem fara í annað úrræði fara t.d. í áfengismeðferð, í úrræði á vegum VIRK eða á endurhæfingarlífeyri.

Skipting nema

Skipting nema milli samstarfsaðila var þannig að 7 komu frá Vinnumálastofnun, 9 komu frá Reykjanesbæ, 8 komu frá Suðurnesjabæ og 1 kom úr Vogunum.



Sjálfboðaliðar og einstaklingar í starfsþjálfun

Á árinu 2019 voru alls 5 sjálfboðaliðar í Fjölsmiðjunni í lengri eða styttri tíma. Tveir komu í vinnuþrófun frá VIRK og ílengdist annar eftir að hans samningi lauk og hinn starfaði hér þangað til hann flutti af svæðinu. Tveir voru hér um skeið á vegum Reykjanesbæjar og einn kom á eigin vegum. Allir þessir sjálfboðaliðar voru mikilvægir fyrir starfsemina á árinu og naut Fjölsmiðjan krafta þeirra ósvikið.

Nám og námskeið

Á árinu 2019 var lögð áhersla á að nemar færu á námskeið utan Fjölsmiðjunnar. Þessi nýbreytni kom mjög vel út og skilaði góðum árangri. Þau námskeið sem nemarnir sóttu voru Stökkpallurinn, Karlasmíðjan, Íslenska I og II hjá MSS, Útivist og umhverfi hjá Keili, Sjálfsstyrking hjá Björginni og öðrum aðilum utan svæðis. Þá voru 3 nemar í ökunámi. Fimm nemar stunduðu nám í FS og einn í Fisktækniskólanum í Grindavík.

Markþjálfun

Nemum Fjölsmiðjunnar býðst að sækja markþjálfun hjá forstöðumanni sem hefur lokið framhaldsnámi í markþjálfun. Það er svolítið misjafnt hvernig aðsóknin er en þessi aðferð hefur litað samskipti milli forstöðumanns og nema almennt og aðstoðað við lausn þess sem upp á kemur hverju sinni.

Viðburðir utan hefðbundinna starfa

Utan hefðbundinna starfa er reynt að brjóta starfsemina upp með því að fara af bæ í það minnsta einu sinni til tvisvar á ári. Heimsókn forseta Íslands í Fjölsmiðjuna braut upp hversdagsleikann og lögðust allir á árarnar til að taka vel á móti forsetahjónunum. Þessi viðburður var nýttur til þess að þrifa allt í hólf og gólf og endurskipuleggja þar sem þess var þörf. Nemum Fjölsmiðjunnar þótti heiður af því að fá þjóðhöfðingjann í heimsókn. Bæjarstórn Reykjanesbæjar heimsótti líka Fjölsmiðjuna og kynnti sér starfsemina.

Samstarfsaðilar

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er í góðu sambandi og samstarfi við marga aðila. Helstu samstarfsaðilarnir eru félagsþjónusta Reykjanesbæjar, félagsþjónusta Suðurnesjabæjar og Voga og Vinnumálastofnun. Gott samstarf er við Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Samvinnu, Björgina, Rauða krossinn og fleiri aðila. Forstöðumenn Fjölsmiðjanna á landinu hafa með sér óformlegt samstarf. Reglulega fáum við gesti frá áhugasömum aðilum sem vinna á þessu sviði og vilja kynna sér hvernig við berum okkur að og sjá hvernig Fjölsmiðjan virkar.

Helstu styrktaraðilar Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru Vinnumálastofnun, Reykjanesbær, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar. Allir þessir aðilar leggja Fjölsmiðjunni til árlegt rekstrarfé.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Kalka hefur allt frá stofnun stutt ötullega við rekstur Fjölsmiðjunnar. Þessi stuðningur er svo sannarlega mikilvægur fyrir starfsemina og alls ekki sjálfsagður. Kvenfélag Njarðvíkur styrkti Fjölsmiðjuna enn og aftur og að þessu sinni var það með iðnaðar-uppvottavél í eldhúsið. Þá styrkti VSFK, Starfsmannafélag Suðurnesja og fleiri kaupin á reiðhjólalager Hjólabúðarinnar. Það að auki nýtur Fjölsmiðjan velvilja almennings sem gefur muni til Kompunnar auk þess sem aðrar gjafir berast reglulega frá vildarvinum.

Samantekt

Segja má að starfsemi Fjölsmiðjunnar sé eins og ísjaki. Aðeins sést í hluta starfseminnar líkt og aðeins sést í topp ísjakans. Það er fjölmargt sem fram fer á bak við tjöldin. Mörg verkefni þarf að sinna með nemunum í þeirra persónulega lífi þeim til framdráttar. Reynt er að aðlagast aðkomu hvers og eins nema í Fjölsmiðjunni að honum sjálfum og styrkleikum hans með það að markmiði að stækka þægindahringinn og takast á við áskoranir hversdagsins. Það er löngu ljóst að Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er komin til að vera og er mjög mikilvæg í samfélaginu á Suðurnesjum. Enn er unnið út frá þeim hugmyndum sem komu fram á stefnumótunarfundinum sem haldinn var í maí 2018 og undir þeim einkunnarorðum sem þar voru valin; VIRKNI, VIRÐING, VON.

Það er líka ljóst að standa þarf vörð um að verja rekstur Fjölsmiðjunnar, sem gekk vel á árinu 2019, en er engu að síður brothættur þar sem ekki fara saman hækkun í almennu verðlagi, launum annars vegar og hækkun á þeim styrkjum sem Fjölsmiðjan lifir á hins vegar. Við þessu hefur verið brugðist með því að reyna að auka sjálfsaflaféð og vera alltaf á tánum til þess að halda kostnaðinum niðri.